

Fundur í fagráði nautgriparæktar 12. mars 2018

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Baldur Helgi Benjamínsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Þórarinn Leifsson voru í símasambandi og Björn S. Gunnarsson mætti á fundinn undir lið 3. Jón Hjalti Eiríksson var einnig mættur sem sérstakur gestur fundarins og sat hann undir liðum 1 og 2.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Mælidagalíkan.
3. Besta nautið í 2010 árgangi nauta frá NBÍ
4. Verklagsreglur fyrir fagráð
5. Ályktanir frá aðalfundi LK 2017
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 2. nóvember 2017, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Mælidagalíkan.

Jón Hjalti Eiríksson fór nokkrum orðum yfir sína vinnu við meistaraverkefni sitt sem fjallaði um mælidagalíkan fyrir íslenska kúakynið. Í vetur hefur hann unnið að innleiðingu þess til notkunar við útreikning á kynbótamati fyrir afurðir og frumutölu. Meðal niðurstaðna Jóns Hjalta er að hægt er að velja nautin mun fyrr og auka erfðaframarir um a.m.k. 11%.

Í framhaldinu voru kostir og gallar mælidagalíkans ræddir og sérstaklega hvernig meðhöndla bæri efnahlutföllin og frjósemi en Jón Hjalti vann ekki mælidagalíkan fyrir efnahlutföll og ekki er leiðrétt fyrir bili milli burða í líkaninu. Fram kom að við skoðun á frjósemi væri lægri neikvæð fylgni milli afurða og frjósemi með nýju líkani sem dregið gæti úr neikvæðum áhrifum þess að flýta vali á nautum. Vísbendingar eru um að sú leiðrétting sem notuð hefur verið fyrir bili milli burða í núverandi mjaltaskeiðslíkani nái ekki að vega upp á móti neikvæðum áhrifum afurða á frjósemi, þ.e. bils milli burða. Við skoðun á kynbótamati fyrir próteinmagn aðskildu fyrir mismunandi tímabil mjaltaskeiðsins kemur í ljós að hin neikvæða fylgni er minnst í upphafi mjaltaskeiðsins en mest á síðasta hluta þess. Það bendir til að fylgnin stafi fyrst og fremst af áhrifum næsta burðar, þess hve betur kýrin heldur nytinni þegar hún heldur seint og geldist því seinna upp, frekar en að um áhrif næringarástands þegar kýrin á að festa fang sé að ræða. Há fylgni á milli mats fyrir mjólkurþol og frjósemiskynbótamatsins er í samræmi við þetta.

Þá kom fram að fyrir dyrum stendur vinna við að reyna að finna nýja mælikvarða á frjósemi sem gætu nýst við endurbætur á kynbótamati fyrir frjósemi sem í dag byggir eingöngu á bili milli burða.

Ákveðið að nota mælidagalíkan við næstu keyrslu kynbótamats fyrir afurðir og frumutölu. Kynbótamat fyrir efnahlutföll verður keyrt með mjaltaskeiðslíkani með þeirri breytingu að taka inn mælingar á yfirstandandi mjaltaskeiði gripa. Í framhaldinu verði Jón Hjalti fenginn til að vinna mælidagalíkan fyrir efnahlutföll.

Allar frekari breytingar munu bíða þess að verkefninu um hagrænt vægi eiginleika ljúki en það ætti að geta orðið í ágúst/september n.k.

3. Besta nautið í 2010 árgangi nauta frá NBÍ.

Úranus 10081 var valinn besta nautið í 2010 árgangi nauta á Nautastöð Bændasamtaka Íslands. Úranus stendur hæstur í heildareinkunn í árgangnum og hefur enga þá galla til að bera sem réttlæta neitt annað en hann sé besta naut árgangsins.

Viðurkenning verður afhent ræktendum nautsins á fagþingi nautgriparæktarinnar í apríl n.k.

4. Verklagsreglur fyrir fagráð.

Fagráði hefur borist erindi frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins þar sem farið er fram á að fagráð setji sér verklagsreglur og matskvarða við úthlutanir þróunarfjár. Farið var yfir drög að verklagsreglum og ákveðið að Guðmundur fari yfir, samræmi breytingar og sendi fagráðsmönnum til lokayfirferðar svo fljótt sem verða má.

5. Ályktanir frá aðalfundi LK 2017.

Farið yfir ályktanir sem Landssamband kúabænda sendi fagráði að loknum aðalfundi LK 2017 til meðhöndlunar og úrvinnslu.

Um er að ræða ályktanir varðandi:

- Mat á aðbúnaðarreglugerð nautgripa
- Rannsóknir í landbúnaði
- Rannsóknir vegna losunar metangass í landbúnaði
- Rannsóknir á efnasamsetningu íslensku kúamjólkurinnar
- Doktorsnám á sviði erfðamengisúrvals í nautgriparækt

Fagráð fagnar þessum ályktunum og lýsir stuðningi við þær. Fagráð hefur nú þegar unnið að og stutt við vinnu við erfðamengisúrval í nautgriparækt og er reiðubúið til þess að beina stuðningi í þær rannsóknir sem tilgreindar eru eftir efnum og aðstæðum.

Þá styður fagráð endurskoðun á reglugerð um velferð nautgripa en á henni eru annmarkar sem æskilegt væri að sníða af. Fagráð telur rétt að leggja meiri þunga á mat á gripunum sjálfum og líðan þeirra heldur en málsetningum á framleiðsluaðstöðu eins og gert er í reglugerðinni eins og hún er núna. Þetta mæti gera með t.d. mati á gripum og áverkaskráningum.

6. Önnur mál.

Gunnar og Baldur fóru nokkrum orðum um stöðu fósturvísaverkefnisins á Stóra-Ármóti. Í stöðinni eru núna 16 kýr og þar af eru 11 með fangi. Stefnan er sú að setja aftur upp fósturvísa nú síðsumars og að þeir nautkálfar sem kunna að fæðast á þessu ári komi til sæðistöku og sölu þannig að þeir komi til nota hjá bændum í ágúst 2019.

Þá var staða mála varðandi erfðamengisúrvalið rædd. Sýnatöku þeirra 7.500 sýna sem taka á fyrir viðmiðunarhópin er að ljúka. Þegar er búið að greina nokkurn hluta sýnanna en sýnatökum og greiningum ætti að vera að fullu lokið í maí/júní á þessu ári. Framhald verkefnisins er í vinnslu og m.a. fyrirhugaður fundur með Peer Berg í næstu viku til að ræða næstu skref.

Rennt yfir dagskrá fagþings nautgriparæktarinnar sem haldið verður í tengslum við aðalfund LK þann 6. apríl n.k. Fagráð lýsir ánægju með hana enda búið að samþykkja hana í tölvupóstum milli funda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þóroddur Sveinsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 2. nóvember 2017
2. Skýrsla um innleiðingu mælidagalíkans frá Jóni Hjalta Eiríkssyni
3. Yfirlit yfir Lúður 10067 og Úranus 10081
4. Erindi frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins
5. Ályktanir frá aðlafundi LK 2017